

Fundargerð

226. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 5. júlí 2016 kl. 12¹⁵ – 14²⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundaritari.
Árni Jóhannsson (ÁJ) vm. (BS)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH) vm. (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna Bryndís Jónsdóttir (HBJ) vm. (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Úrvinnslugjald
- (3) Heyrúlluplast
- (4) Ráðstöfun spilliefna
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (225. fundar).

Samþykkt

2. Úrvinnslugjald

ÓK fór yfir drög að tillögu að nauðsynlegum breytingum á úrvinnslugjaldi. Hann fór yfir að haustið 2015 fóru fram umræður um breytingar á úrvinnslugjaldi í stjórn, m.a. á fundum stjórnar nr. 214 og 215.

ÓK fór yfir að þörf á hækkuðu á úrvinnslugjaldi eru fyrst og fremst tilkomnar vegna:

1. Hækkunar á kostnaði við flutninga, meðhöndlun og ráðstöfun sem og aukinn launakostnaður hjá þjónustuaðilum og kostnaðarauki eftir ný útboð hjá móttökuaðilum flokkaðs úrgangs.
2. Lækkunar á hráefnamörkuðum sem á bæði við um brotamálma og úrgangsolíu.
3. Hækkaðs skilahlutfalls á flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og endurvinnslu.

Lögð var fram á fundinum tafla yfir forsendur rekstraráætlunar fyrir árin 2016 og 2017. Þar koma fram áætlaðar magntölur, endurgjald til þjónustuaðila og drög að tillögum um breytingar á úrvinnslugjöldum. Stjórnarmenn ræddu framkomnar tillögur.

GGÞ óskaði eftir því að stjórnarmenn fari yfir þessar upplýsingar og á næsta fundi stjórnar yrði tekin ákvörðun um hækkanir einstakra vöruflokka.

Rætt var um nýjar gerðar rafhlaðna sem notaðar eru í rafbílum og tvíorkubílum. ÓK upplýsti að hann og LÓ væru í viðræðum við Bílgreinasambandið vegna þeirra.

3. Heyrúlluplast

Framhaldið var umræðum frá síðasta stjórnarfundinum (nr. 224) um meðhöndlun á heyrúlluplasti á starfssvæði Íslenska gámafélagsins. Lagt var fram á fundinum erindi frá Pure North Recycling og Íslenska gámafélaginu um hreinsun, flutning og endurvinnslu á heyrúlluplastinu. PNR er viðurkenndur ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði og ÍG þjónustuaðili.

Stjórn sér ekki fært að verða við erindinu og hafnar greiðsluþáttöku.

4. Ráðstöfun spilliefna

ÓK fór yfir að Kalka hefur hækkað gjaldskrá fyrir brennslu spilliefna. Hækkunin er u.þ.b. 5% og gildir frá og með 1. júlí 2016. Hækkunin leiðir til ca. 2,4% hækkunar á ráðstöfunarkostnaði spilliefna sem fara til Kölku til eyðingar.

Lagt var fram á fundinum yfirlit yfir nauðsynlegar breytingar á endurgjaldi Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila til að mæta hækkuninni. Lögð var til eftirfarandi hækkun á endurgjaldi:

	Nýtt kr/kg	Eldra kr/kg	Hækkun
Blönduð spilliefni frá heimilum	161	157	2,5%
Framköllunarvökvar	155	152	2,3%
Halógeneruð efnasambönd	339	327	3,5%
Ísócyánöt	216	211	2,6%
Leysiefni - formaldehyd	156	152	2,3%
Leysiefni	159	155	2,3%
Olíumálning	170	166	2,2%
Olíubundin kítti og sparsl	191	188	1,9%
Ryðvarnarolía og smurfeiti	199	195	2,5%
Úrgangsolía í smáflátum	96	96	0,0%
Prentlitir	166	162	2,5%
Fúavarnarefni	233	228	2,5%
Útrýmingarefni	297	289	3,0%

Stjórn samþykkti nýja gjaldskrá fyrir spilliefni.

5. Önnur mál

Rætt um breytingu á fundardagatali og samþykkt að halda stjórnarfund þriðjudaginn 26. júlí 2016.

HBJ spurði um veiðarfærarúrgang. Nokkurt magn af veiðarfærarúrgangi berst til urðunar í Fíflholti og HBJ telur að jafnvel þurfi að hætta móttöku á veiðarfærarúrgangi nema að til komi betri meðhöndlun úrgangshafa á starfssvæði Fíflholta. GGJ mun kanna málið fyrir hönd SFS.

Næsti fundur ákveðinn 26. júlí 2016.

Fundi slitið kl 14:20